



UMFERÐARSKIPULAG Á AUSTURVEGI Á SELFOSSI


Inngangur

Þann 18. janúar 2019 hittust fulltrúar Árborgar og Vegagerðarinnar á fundi til að ræða stöðuna á framtíðarskipulagi Austurvegar, Hringvegur (1-d4) á milli Eyrarbakkevegur (34) og Gaulverjabæjarvegur (33), á Selfossi en hugmyndir eru um að vinna að frumdrögum fyrir veginn og festa niðurstöður þeirrar vinnu í deiliskipulag.

Fulltrúar Árborgar voru Bárður Guðmundsson og Sigurður Andrés Þorvaldsson, fulltrúar frá Vegagerðinni voru Erna Bára Hreinsdóttir, Svanur Bjarnason og Rúna Ásmundsdóttir.

Í þessu minnisblaði verður farið yfir helstu þætti sem huga þarf að við skipulag umferðar á Austurvegi. Eftir að nýr Hringvegur verður tekinn í notkun norðan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá er fyrir séð að veghald á Austurvegi muni falla til sveitarfélagsins. Tryggja þarf fyrirkomulag við Austurveg þannig að umferðaröryggi allra vegfarenda verði í fyrirrúmi, huga þarf að breyttu hlutverki vegarins til framtíðar og taka tillit til greiðfærni við núverandi aðstæður sem og síðar. Með tilkomu nýs vegar er skv. mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar gert ráð fyrir að um 40% umferðarinnar fari um nýja veginn. Ætla má að eðli þeirrar umferðar sem áfram mun nýta núverandi Austurveg verði annars konar, engu að síður verður umferð umtalsverð og taka þarf tillit til hennar óháð veghaldi.

Þrátt fyrir að vegkaflinn um bæinn verði ekki í umsjá Vegagerðarinnar til frambúðar er Vegagerðin tilbúin til að koma að hönnun með ráðgjöf og er jafnframt tilbúin til að greiða allt að 25% upphæðar við frumdragavinnu skv. samningi þar að lútandi.



Mynd 1 Vegir í umsjá Vegagerðarinnar. Með tilkomu nýs hringvegur norðan þéttbýlisins mæli Vegagerðin með að núverandi Hringvegur á milli Eyrarbakkevegur (34) og Gaulverjabæjarvegur (33) falli úr umsjá Vegagerðarinnar og til Árborgar.

Vegagerðin / Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA) • Borgartúni 7 • IS-105 Reykjavík
www.vegagerdin.is • vegagerdin@vegagerdin.is • Sími / Tel. (+354) 522 1000 • Fax (+354) 522 1009



Hönnunarforsendur

Umferðarskipulag á Austurvegi verður hannað með það að markmiði að bæta umferðaröryggi allra vegfarenda. Vegurinn verður að öllum líkindum tengivegur í framtíðinni og miðað er við að akreinabreidd sé 3,5 m nema þar sem kantur er beggja vegna akreinar, þar eru akreinar 4,5 m breiðar.

Mikilvægt er að þveranir fyrir gangandi umferð séu vel útfærðar og að hugað sé vel að öryggi hjólandi vegfarenda. Sérstaklega þarf að skoða umferð skólabarna yfir veginn.

Vegtegund og umferð

Austurvegur er í dag hluti af Hringvegi en hann liggur á milli Tryggvatorgs í vestri og Gaulverjabæjarvegur í austri. Umferð á Austurvegi árið 2017 var eftirfarandi skv. upplýsingum á heimasíðu Vegagerðarinnar (eining: bílar/sólarhring):

Frá Tryggvatorgi að Reynivöllum

Ársgsumferð (ÁDU) 10.564
Sumardagssumferð (SDU) 12.884
Vetrardagssumferð (VDU) 8.702

Frá Reynivöllum að Gaulverjabæjarvegi

ÁDU 9.924
SDU 12.104
VDU 8.176

Eftir að nýr Hringvegur verður tekinn í notkun norðan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá er fyrir séð að veghald á Austurvegi muni falla til sveitarfélagsins. Með tilkomu nýs vegar er skv. mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar gert ráð fyrir að um 40% umferðarinnar fari um nýja veginn. Ætla má að eðli þeirrar umferðar sem áfram mun nýta núverandi Austurveg verði annars konar, engu að síður verður umferð umtalsverð og taka þarf tillit til hennar óháð veghaldi.

Umferðarslys

Taflan hér að neðan sýnir fjölda slysa og slysatíðni á Austurvegi og meðalslysatíðni á þjóðvegum í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu 2012-2016, skv. slysskráningu á vef Vegagerðarinnar. Mynd 2 sýnir slys og óhöpp á Austurvegi á sama tímabili á korti.

Slysatíðni á Austurvegi er töluvert hærra en að jafnaði á öðrum þjóðvegum í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins og hún hefur einnig farið hækkandi þrátt fyrir minni umferð. Á tímabilinu urðu 2,17 slys á hverja þúsund ekna kílómetra en meðalslysatíðni á þjóðvegum í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins var 1,22 slys á hverja þúsund ekna kílómetra.

Tafla 1 Fjöldi slysa og slysatíðni á Austurvegi á árunum 2012-2016.

Ár	ÁDU	Eigna- tjón	Lítill meiðsl	Mikill meiðsl	Bana- slys	Samtals	Slysa- tíðni	Eknir þús. km
2016	9.522	13	1	1	0	15	3,31	4.530
2015	8.274	10	4	0	0	14	3,57	3.926
2014	10.376	6	1	0	0	7	1,42	4.923
2013	13.972	10	1	0	0	11	1,66	6.630
2012	13.764	5	1	0	0	6	0,92	6.549
Meðalslysatíðni á Austurvegi 2012-2016							2,17	
Meðalslysatíðni á þjóðvegum í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins 2012-2016							1,22	



Mynd 2 Skráð slys og óhöpp á Austurvegi á árunum 2012-2016.

Vegagerðin / Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA) • Borgartúni 7 • IS-105 Reykjavík
www.vegagerdin.is • vegagerdin@vegagerdin.is • Sími / Tel. (+354) 522 1000 • Fax (+354) 522 1009



Aðstæður

Skiltaður hraði á Austurvegi er 50 km/klst og þar er almennt ein akrein í hvora átt. Þessar akreinar eru þó víða mjög breiðar og sumstaðar eru vinstribeygjuakreinar sem eru merktar með yfirborðsmálningu. Vegstæði Austurvegar er mjög breitt, allt að 16 m.

Næst Tryggvatorgi eru akstursstefnur aðskildar með eyju og gróðri. Þar eru einnig samsíða bílastæði. Víða eru bílastæði hornrétt á veginn þannig að umferð úr þeim þarf að bakka inn á veg, mörg þessara stæða voru jafnvel ekki útfærð í samræmi við samþykkt deiliskipulag og byggingarnefndarteikningar. Mikið er um tengingar, bæði inn á bílastæði og við aðrar götur. Austast á Austurvegi eru akreinar þrengdar með yfirborðsmerkingum, bæði í miðju vegar og við kantsteina. Þar eru akreinar einnig þrengdar við þveranir með kantsteinum.

Gönguþveranir yfir Austurveg eru tíu talsins, allar eru merktar með sebrabrautum nema ein sem er með gönguljósum með hnappi. Víða eru gönguþveranirnar yfir tvær akreinar í einu, sem er óæskilegt.

Tillögur

Hér að neðan eru tillögur að breytingum í umferðarskipulagi á Austurvegi, tillögurnar skulu allar miða að því að auka umferðaröryggi. Upptalningin er ekki tæmandi því skoða þarf allar aðgerðir í samhengi við nærliggjandi umferð og skipulag.

- Allar akreinar þrengdar í 3,5 m breidd, nema þar sem kantur er beggja vegna við eina akrein, þar eru akreinar hafðar 4,5 m.
- Fækkun gönguþverana og akreinar þrengdar þar sem þær eru þannig að gangandi fari aldrei yfir fleiri en eina akrein í einu.
- Leitast við að fækka vinstri beygjum, skoða staðsetningu nýs hringtorgs í því samhengi. T.d. við Rauðholt.
- Bílastæðum við Austurveg fækkað eins og kostur er sérstaklega þeim sem eru hornrétt á veg.
- Fækkun innkeyrslna að lóðum.
- Skoða þarf vel aðstöðu fyrir hjólréiðar á Austurvegi.